

Félag háskólakennara á Akureyri – FHA

Fundargerð félagsárið 2009 – 2010

2. stjórnarfundur haldinn 19. ágúst kl. 13

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórnarmenn, framkvæmdastjóri og umsjónarmaður fjárreiða félagsins: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eyþórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Páll Björnsson (PB), Finnur Friðriksson (FF), Kjartan Ólafsson (KÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS) og Ása Guðmundardóttir (ÁG). HS boðaði forföll en ESF mætti ekki.

Dagskrá:

1. Formleg verkaskipting stjórnar
Tillaga að verkaskiptingu, sem rædd var á 1. stjórnarfundum, var samþykkt.
2. Undirbúningur nefndarstarfa félagsins (b.m.t. trúnaðarmenn)
HG kynnti hverjir sætu í nefndum á vegum félagsins. Umræður um formennsku í Samstarfsnefnd félagsins. Ákveðið var að stjórnarmenn legðu fram hugmyndir um skipun nýrra trúnaðarmanna félagsins á næsta fundi þar sem tillit væri tekið til þess að starfsstöðvar HA og starfssvið (kennarar/stoðþjónusta) ættu fulltrúa meðal trúnaðarmanna.
3. Skýrsla RHA varðandi úttekt á rannsóknamissum starfsmanna HA
KÓ dreifði skýrslunni, sem unnin var fyrir FHA, og kynnti helstu niðurstöður hennar. Ákveðið að hún verði tekin til umræðu á næsta fundi.
4. Fjárhagsforsendur vegna áætlanagerðar
ÁG kynnti fjárhagsstöðu félagsins, helstu tekju- og útgjaldaliði. Umræður. Ákveðið að ræða nánar á næsta fundi.
5. Starfsemi FHA veturinn 2009-2010
Almennar umræður.
6. Önnur mál
Samþykkt tillaga HG að hann skrifaði rektor HA bréf þar sem hann óskaði eftir samstarfi í því niðurskurðarferli sem boðað hefur verið. Tvær umsóknir í Námssjóð félagsins voru samþykktar. HG upplýsti um tvö erindi sem liggja fyrir samráðsnefnd. Bæði snúa að greiðslum úr vinnumatssjóði til félagsmanna sem eru í hlutastarfi við kennslu við HA.

Fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði Páll Björnsson